

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 10.05.2020

## Fundur 3-2020

---

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar sunnudaginn 10. maí 2020 sem fjarfundur í ZOOM kl. 13:00

Mætt voru: Bjarney Jónsdóttir, Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson og Magnús Björnsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Ársreikningur 2019, fyrri umræða**  
Undir þessum lið mætir Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi á fundinn
- 2. Samningur um snjómokstur**
- 3. Bréf**
  - a) Frá Jóni Ólafi Sigurjónssyni vegna Hugsjón ehf.
  - b) Frá Guðna Geir Einarssyni vegna Jöfnunarsjóðs
  - c) Frá Sigurjóni Þórðarsyni vegna Heilbrigðiseftirlits
- 4. Fundargerðir**
  - a) Norðurá bs. dags. 8. apríl 2020
  - b) Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 6. apríl 2020 og 21. apríl 2020
- 5. Umhverfismál**
- 6. Önnur mál**

**Afgreiðsla:**

- 1. Ársreikningur 2019, fyrri umræða**  
Undir þessum lið mætti Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi á fundinn. Fór hann yfir ársreikninginn og gerði grein fyrir honum ásamt því að fara yfir endurskoðunarskýrslu. Ársreikningi vísað til seinni umræðu.
- 2. Samningur um snjómokstur**  
Ákveðið að ganga frá samningi á næsta fundi ásamt því að leggja fram viðauka við Fjárhagsáætlun vegna snjómoksturs.
- 3. Bréf**
  - a) Frá Jóni Ólafi Sigurjónssyni vegna Hugsjón ehf.  
Samþykkt að veita umbeðinn styrk samkvæmt bréfi.
  - b) Frá Guðna Geir Einarssyni vegna Jöfnunarsjóðs  
Bréf lagt fram til kynningar.
  - c) Frá Sigurjóni Þórðarsyni vegna Heilbrigðiseftirlits  
Bréf um viðbragðsáætlun vegna loftmengunar, annars vegar frá Umhverfisstofnun og hins vegar frá Heilbrigðiseftirliti Norðurland vestra vegna Heilbrigðisnefndar lögð fram til kynningar.
- 4. Fundargerðir**
  - a) Norðurá bs. dags. 8. apríl 2020

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 10.05.2020

## Fundur 3-2020

---

Fundargerð lögð fram til kynningar.

*b) Stjórnar Markaðsstofu Norðurlands dags. 6. apríl 2020 og 21. apríl 2020*

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

### 5. Umhverfismál

*a) Hvalshræ í Kálfshamarsvík*

Rætt um aðgerðir vegna fjarlægingar hræsins. Ákveðið að hafa samband við björgunarsveitina á Skagaströnd.

*b) Girðingar og plastrusl*

Sveitarstjórn bókar eftirfarandi:

„Sveitarstjórn Skagabyggðar beinir því til landeigenda og umráðamanna lands að huga vel að ástandi girðinga eftir snjóþungan vetur. Bent er á skyldur landeigenda í 11. grein girðingarlaga 135/2001 þar sem sagt er að skylt sé að halda öllum girðingum svo vel við að búfé eða öðrum stafi ekki hætta af þeim. Ónýtar girðingar skulu fjarlægðar, þannig að ekki skapist slyshætta af þeim.

Þá er bent á að mikið af plasti og öðru rusli hefur safnast á og við girðingar eftir veturinn. Eru landeigendur og umráðamenn lands hvattir til þess að tína saman plast og rusl og koma því í förgun. Falleg ásynd sveitarinnar er mikils virði”.

### 6. Önnur mál

*a) Vegna tilkynningar um ísbjörn á Skaga vill sveitarstjórn Skagabyggðar bóka eftirfarandi:*

„Sveitarstjórn Skagabyggðar er ósátt við viðbrögð og málsmeðferð Lögreglunnar vegna tilkynningar um ísbjörn á Skaga í aprílbyrjun. Sveitarstjórn telur að upplýsa hefði átt íbúa á svæðinu fyrr um tilkynninguna. Þá hefði átt að bregðast við eins fljótt og mögulegt var með þyrluleit. Mikilvægt er að sveitarfélög á því svæði þar sem tilkynning berst, séu upplýst um framgang mála hverju sinni”.

*b) Fjallskilamál við Fossárrétt*

Búið er að skipta um þak á Árnabúð.

Rætt um endurnýjun á vagni sem nýttur hefur verið sem brú við fjárrekstur yfir Fossá.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð send í tölvupósti til fundarmanna til samþykktar. Fundi slitið kl. 14:50.

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 10.05.2020  
Fundur 3-2020

---

---

---

Karen Helga R Steinsdóttir

Bjarney Jónsdóttir

---

Kristján Steinar Kristjánsson